

Sjávarútvegsráðstefna í Hörpu 15-16. Nóvember 2018

Góðir gestir

Þegar ég var beðinn um að tala hér í dag spurði ég forráðamenn þessarar ráðstefnu, hvort þeir væru svo ungir, að þeir vissu ekki, að sá sem hér stendur væri eins og rauð dula framan í marga þeirra, sem mundu hyggja á að sækja þessa ráðstefnu og líklegur til að fæla þá frá.

Þeir sögðu að það væri breyttir tímar.

Ég taldi mér skylt að vara þá við vegna þess að við Morgunblaðsritstjórar fyrri tíma vorum uppnefndir sósíalistar á hverjum aðalfundi LÍÚ á fætur öðrum á tíunda áratug síðustu aldar vegna baráttu okkar fyrir auðlindagjaldi. Það er svo annað mál, sem ekki verður fjallað um hér, að ég tel mig hafa verið fótgönguliða í baráttunni í kalda stríðinu gegn kúgunaröflum kommúnisma og sósíalisma, en varð aldrei var við þá, sem þannig töluðu á vígstöðvum þeirra átaka.

Tengsl mín við sjávarútveg eru ekki mikil – og þó.

Í bókinni Brimgný eftir Jóhann Bárðason, sem út kom árið 1943 er að finna frásögn gamals Bolvíkings af sjóferð á áraskipi á Ísafjarðardjúpi. Þar segir:

„Á forystubátnum var meðal skipverja Jóhannes Jónsson. Var hann orðlagður sjómaður og var sérstaklega til þess tekið, hve vel hann stýrði skipi í stórsjó...Jóhannes tók við stýrinu strax, þegar farið var frá Skálavík. Þegar komið var að Kerlingu (Ytra Stigahlíðarhorni) var veðrið svo mikið á móti að vélarnar höfðu ekki áfram og sjór svo úfinn, að ekki mátti á tæpara standa að bátarnir yrðu varðir áföllum.

Það var því útilokað að komast í Djúpið eða ná heim til Bolungarvíkur. Hríð var allsvört og dimmt af nóttu. Horfði nú illa. Skálavík var sennilega orðin ófær til landtöku vegna brims..." (Tilvitnun lýkur).

Það fór samt svo að það var sótt til Skálavíkur. Í lok þessarar frásagnar, sem er mun lengri segir Bolvíkingurinn gamli:

„En sjómennirnir sem stóðu á ströndinni í Skálavík þessa nótt og sáu hamfarir hafsins, þeir vita hvað þeir eiga Jóhannesi Jónssyni að þakka.“

Þessi ungi sjómaður, Jóhannes Jónsson, var móðurafi minn. Um líf hans og annarra vestfirzkra sjómanna á sínum tíma má lesa í bókinni Himnaríki og helvíti, eftir Jón Kalman Stefánsson, sem sennilega er bezta lýsing á lífi sjómanna við Íslands strendur undir lok nítjándu aldar, sem skrifuð hefur verið á íslenska tungu.

Í bókinni Hafnarfjarðarjarlinn eftir Ásgeir Jakobsson er sagt frá fyrsta togaranum, sem gerður var út frá Íslandi, ef marka má þá bók, togaranum Coot, sem gerður var út frá Hafnarfirði. Þar segir frá því að um eins árs skeið hafi framkvæmdastjóri þess útgerðarfyrirtækis verið verzlunarmaður og leikari, Árni Eiríksson að nafni. Hann var föðurafi minn.

Þetta eru einu tengslin, sem ég get talið mér til tekna á þessum fundi við sjávarútveginn. Ég var sendur í sveit á sama tíma og æskuvinir mínir, Ragnar Arnalds, síðar formaður Alþýðubandalagsins og Jón Baldvin Hannibalsson síðar formaður Alþýðuflokksins, fóru til sjós og Halldór Blöndal, síðar ráðherra og forseti Alþingis fór í hvalinn.

Af hverju þessi mismunur á milli mín og þeirra. Sennilega vegna þess að móðir mín missti 3 bræður af fjórum á sjó en sá fjórði lifði af vegna þess að hann fékk berkla og varð að fara í land. Þetta er saga margra fjölskyldna á Íslandi í áratugi og aldir.

Raunar er það svo, þegar Morgunblaðinu er flett fram eftir 20. öld, að forsíður með myndum af sjómönnum, sem farizt höfðu, eru

reglulegur þáttur í fréttum blaðsins. Úr því fór ekki að draga að ráði fyrr en á áttunda áratug síðustu aldar.

Við sem ólumst upp í vesturbæ Reykjavíkur á stríðsárunum og fyrstu árunum á eftir stríð höfðum þau einu tengsl við íslenzkan sjávarútveg að fara niður á gömlu trébryggjurnar, sem þá voru við höfnina og reyna að veiða fisk með misjöfnum árangri. Seinna hugsaði ég oft um þetta sambandsleysi æskufólks í Reykjavík á þeim tíma við undirstöðuáttvinnuveg landsmanna.

Það voru tveir menn úr ólíkum áttum, sem tóku mig rúmlega tvítugan í kennslustundir um sjávarútveg. Annar þeirra var tengdafaðir minn, Finnbogi Rútur Valdimarsson, sem var þingmaður fyrir Sameiningarflokk alþýðu-Sósíalístaflokk í 14 ár en jafnframt og síðar einn af bankastjórum Útvegsbanka Íslands. Hinn var Einar Sigurðsson, útgerðarmaður, kallaður Einar ríki.

Rútur boðaði engan sósíalisma í samtölum okkar um sjávarútveg en ungur Heimdellingur öðlaðist í þeim samtölum nýjan skilning á mikilvægi sjávarútvegs fyrir íslenskt samfélag.

Einar ríki tók upp á því að heimasækja mig á ritstjórnarskrifstofur Morgunblaðsins, þegar hann var að fara á fundi eða af fundum í því húsi við Aðalstræti og þau samtöl voru fyrir mig eins konar háskólakennsla í þeim fræðum. Áður hafði ég lengi verið reglulegur lesandi þáttar hans í Morgunblaðinu á sunnudögum, sem nefndust Úr verinu.

Daglega sá ég Tryggva Ófeigsson ganga til og frá vinnu en fyrir þeim manni bárum við Heimdellingar lotningarfulla virðingu. Hann var maðurinn sem gat rekið togara með hagnaði á sama tíma og Bæjarútgerð Reykjavíkur var rekin með tapi. Hann var í okkar huga hið glæsilega tákn einkaframtaksins.

Það er ekki ég sem á heiðurinn af því að móta þá stefnu Morgunblaðsins að taka upp auðlindagjöld í sjávarútvegi. Það var skáldið Matthías Johannessén, sem taldi að það væri verið að koma

upp lénsskipulagi á Íslandi og þoldi ekki þá tilhugsun. Það tók mig töluverðan tíma að átta mig á hvað Matthías var að fara en þegar ég náði að skilja það fylgdi ég honum fast.

Þegar landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkti á landsfundi árið 2001 að auðlindagjöld í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum, sem nýttu takmarkaðar auðlindir í þjóðareigu skyldu vera grundvallarþáttur í stefnu flokksins leit ég á það og lít enn svo á í dag, að þar hafi blaðið unnið mesta málefnalegan sigur í sögu sinni.

Á síðasta áratug síðustu aldar var það kvótakerfið eða öllu heldur hið frjálsa framsal veiðiheimilda án auðlindagjalds, og var verk vinstri stjórnar Steingríms Hermannssonar 1990, sem olli mestum ágreiningi í samfélaginu, enda eignatilfærslan gífurleg. Og ekki fráleitt að halda því fram, að þær deilur hafi verið mestu deilur um þjóðfélagsmál á síðari tímum að undanskildu kalda stríðinu og því, sem því fylgdi, aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin.

Nú er að vísu deilt um upphæðir veiðigjalda en engu að síður er augljóst að víðtæk samstaða hefur náðst um veiðigjöldin sem slík.

Það er hins vegar enn djúpstæður ágreiningur í samfélagi okkar og að þessu sinni snýst hann að mínu mati um það að hér er að verða til „Hin nýja stétt“, sem Milóvan Djilas, skrifaði merka bók um fyrir mörgum áratugum, þegar hann lýsti bandalagi embættismannavaldsins og starfsmanna kommúnistaflokksins í Júgóslavíu.

Hin nýja stétt, sem hér er að verða til er bandalag embættismannakerfis hjá ríki og stærstu sveitarfélögum, stjórnmalastéttarinnar í flestum flokkum og æðstu stjórnenda fyrirtækja, sem nú eru að mestu í eigu lífeyrissjóða.

Þessi nýja stétt hér á Íslandi telur að um hana eigi að gilda önnur lögmál en aðra þegna okkar samfélags og sú krafa hennar er meginástæðan fyrir þeirri alvarlegu stöðu, sem upp er komin í kjaramálum í okkar samfélagi.

Þá kröfu verður að brjóta á bak aftur áður en farið er að ræða kaup og kjör annarra þjóðfélagsþegna og í því felst að við verðum að vinna að því að ná víðtækari samfélagssátt en þeirri sem Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Ásmundur Stefánsson lögðu grunn að 1990.

Sjávarútvegurinn verður að vera hluti af þeirri samfélagssátt.

Það gengur ekki lengur að okkar unga lýðveldi logi reglulega í illdeilum og einkennist af sundurlyndi. Við lifum á víðsjárverðum tímum. Fólk frá öðrum löndum leitar í vaxandi mæli til Íslands og við hljótum að taka því fólki vel, alveg eins og Norðmenn tóku Íslendingum vel, þegar þeir leituðu þangað í í kjölfar Hrunsins og Svíar tóku okkar fólki vel, sem leitaði til þeirra í þeim djúpa öldudal efnahagslega sem við gengum í gegnum undir lok sjöunda áratugar síðustu aldar. Og í sjálfu sér eins og okkar fólki var tekið í Vesturheimi fyrir meira en hundrað árum.

En eitt af þeim vandamálum, sem við munum standa frammi fyrir á næstu árum og áratugum er hvað þetta litla samfélag okkar ræður við stórt hlutfall íbúa, sem hingað leita úr öðrum áttum. Við ráðum við það enn en hversu lengi?

Þetta er ein af grundvallarástæðum þess, að það verður ekki lengur undan því vikizt að við setjum niður innbyrðis deilur okkar um hvernig þjóðarkökunni er skipt.

Það er sjávarútveginum sjálfum í hag að taka þátt í slíkri samfélagssátt. Þetta er atvinnugrein, sem hefur verið samofin lífi fólksins í þessu landi meiri hluta þeirra tæpa 1200 ára, sem við höfum búið hér. Og þetta er atvinnugrein, sem hefur verið samofin lífi

fjölskyldna í þessu landi, sem hafa tekið þátt í sigrum og sorgum þeirra, sem hafa sótt sjóinn.

Það er ekkert vit í því fyrir þessa atvinnugrein að standa í stöðugu stríði við fólkið í þessu landi og eiga rekstrarskilyrði sín undir því hver næsta ríkisstjórn verður.

Það er kominn tími á sögulegar sættir.

Til þess að ná slíkri samfélagssátt þurfa vísir menn að koma við sögu. Þá er að finna meðal atvinnurekenda ekki síður en í forystu verkalýðshreyfingarinnar. Það var tveggja manna tal, sem kom í veg fyrir allsherjarstyrjöld á hinum litla íslenska vinnumarkaði í nóvember 1963. Og annar þeirra kom úr einni helztu útgerðarfjölskyldu fyrri tíma á Íslandi.

Ég veit af samtölum við fólk að menn með það hugarfar sem til þarf er að finna í röðum atvinnurekenda og hvet þá til að taka til hendi.

Í þeim aðgerðum mun sjávarútvegurinn vega þungt.

Ég ætla að ljúka þessu spjalli með því að setja fram við ykkur hugmynd, sem mér finnst við hæfi að komi fram hér á þessari ráðstefnu.

Við eigum okkar merka sögu í þessu landi. Við höfum unnið menningarleg afrek, sem eru fátíð hjá slíkum örbjóðum. En við hefðum ekki lifað af hér á þessari eyju nema vegna þess að við eigum fiskinn í sjónum í kringum landið. Lokaáfangi sjálfstæðisbaráttu okkar lauk á miðnæti 1. Desember 1976, þegar síðasti brezki togarinn, síðasti fulltrúi hinn evrópsku nýlenduvela, sem arðrænda okkur og aðrar þjóðir um aldir, sigldi brott frá Íslandsmiðum. Og þeir komu aldrei aftur og munu aldrei koma aftur svo lengi, sem við höfum vit á því að halda okkur frá því öngþveiti sem ríkir á meginlandi Evrópu.

En við höfum fært okkar fórnir ekki síður en þjóðir sem hafa háð stríð sín í milli. Okkar stríð hefur ekki verið við aðrar þjóðir heldur við náttúruöflin.

Okkar fórnir eru allar þeir sjómenn, sem hafa farizt við Íslandsstrendur.

Hugmyndin er þessi:

Þið sem starfið í sjávarútvegi. Efnið til samkeppni meðal íslenskra tónskálda um risastórt kórverk, eins konar sálumessu, til minningar um alla þá sjómenn, sem frá upphafi Íslands byggðar hafa farizt í baráttu við hinn úfna sjó, hamfarir hafsins, við þessa afskekktu eyju í Norðurhöfum, svo vitnað sé til lýsingar Bolvíkingins gamla.

Slíkt tónverk yrði um aldir tákn sögulegra sáttu milli fólks til sjávar og sveita.